

26. ágúst 2026

Komið þið sæl

Ég er búin af fara yfir fyrstu verkefnin sem þið hafið skilað inn í Innu.

Ég loka fyrir skil á PowerPoint-verkefnunum (1, 2, 3 og 5) sunnudaginn 30. ágúst kl. 21:30.

Ég samþykki skilin á verkefnunum eða geri athugasemdir við þau.

Ég hvet ykkur til að skila verkefnunum um leið og þið eruð búin að vinna þau.

Þið getið lagað verkefnin ef ég hef gert athugasemdir við þau og skilað inn aftur áður en skilafresturinn rennur út.

Þá fái þið fulla einkunn fyrir skilin. Munið að skila verkefnunum í rétta tengla!

Þið sækið grunnskjölin (innslegin verkefni) á heimasíðuna mína og vistið á ykkar tölvu.

Síðan opnið þið verkefnin í PowerPoint eða Word og mótið samkvæmt fyrirmælum í bókinni.

Textann í verkefnum 1 og 5 í PowerPoint þurfið þið að skrifa inn sjálf.

Á heimasíðunni minni eru einnig myndskleið við flest verkefnin sem þið skuluð horfa á ef þið áttið ykkur ekki á leiðbeiningunum í kennslubókinni.

- Ath. það er skilaskylda á verkefnum.

Fylgist vel með skiladagsetningum á verkefnunum í Innu.

PowerPoint – Verkefni 1, 2, 3 og 5 – Verkefnaskil: Sunnudaginn 30. ágúst kl. 21:30.

Word – Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 – Verkefnaskil: Sunnudaginn 6. september kl. 21:30.

Ég hvet ykkur til að skila verkefnunum tímanlega til að ég geti farið yfir þau og þið lagað ef þarf og skilað inn aftur.

Þið getið líka alltaf haft samband við mig ef þið þurfið aðstoð.

Ég verð á Teams á mánudögum milli kl. 20:00-21:00.

Tengill: <https://teams.microsoft.com/meet/38800269412104?p=O84Bktabv147AN0hSm>

Gangi ykkur vel í verkefnavinnunni!

Kveðja, Jóhanna

Netfang: johanna@johanna.is

Heimasíða: johanna.is

Ath. Ég set allar tilkynningar og póst til ykkar einnig undir **Efni** í Innu